

**Fyrsti fundur nýrrar stjórnar Fjár- og hjarðhundadeildar, 21.06.2021.** Haldinn á Borg í Grímsnesi, kl 20:30.

Nýir meðlimir stjórnar eru Guðrún Th Guðmundsdóttir, Edward Birkir Dóruson og Elena Tryggvason. Í stjórn sitja sem áður Elín Lára Sigurðardóttir og Jóhanna Eivinsdóttir.

Mættir eru allir meðlimir nýrrar stjórnar og skipti stjórn með sér verkum:

Elín Lára Sigurðardóttir er kosinn formaður, Guðrún Th Guðmundsdóttir ritari, Jóhanna Eivinsdóttir gjaldkeri, Elena Tryggvason meðstjórnandi og Edward Birkir Dóruson meðstjórnandi.

1. Gengið er frá tilkynningu til Ríkisskattstjóra um nýja stjórn og prókúru, sem send verður til Ríkisskattstjóra.
2. Lokaður facebook hópur er stofnaður svo stjórn getir haft samskipti á milli funda.
3. Ákveðið er að setja kraft í heimasíðu og facebook deildarainnar. Edward tekur að sér að vera síðustjóri.
4. Stjórn kynnir sér mál sem fráfarandi stjórn hefur unnið að. M.a. þess eru drög að nýjum starfsreglum fyrir tengiliði og verður deildarmeðlimum gefin tækifæri til að koma með athugasemdir á tillögum á email til stjórnar í síðasta lagi í lok ágúst.
5. Bikaramál: Útvega þarf nýjan bikar fyrir stigahæðsta hund deildarinnar og þarf deildin að kaupa nýjann eða finna styrktaraðila til þess.
6. Stjórn vill halda þeim plönnum fyrri stjórnar að halda deildarsýningu og í ljósi afléttinga vegna covid er stefnt að því að halda deildarsýningu í október 2021. Unnið verður að því að finna dómara og hentugt sýningasvæði.
7. Áhugi er á því í stjórn að bjóða deildarmeðlimum uppá sýningaþjálfun fyrir sýningar, fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í sýningahringnum.
8. Stefnt er að halda smalaeðlispróf í lok október/byrjun nóvember.
9. Fleira var rætt á fundinum sem ekki er hafandi eftir og flokkast undir önnur mál.
10. fundi slitið kl 23:00